

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir gestir.

Ég heiti Guðmunda Freyja og er hér fyrir hönd félagasmiðstöðvarinnar Arnardals. Ég var á málþingi okkar frábæra ungs fólks sem er framtíð bæjarins, þar var rætt um alls kyns skemmtilega og einnig minna skemmtilega hluti. Flestir eru sammála um að hér eru góðir skólar og það sé gott að búa á Akranesi. En nokkur af þeim atriðum sem voru minna skemmtileg eru þessi. Okkur langar að hafa fjölbreyttari valgreinar í skólanum heldur en það sem er boðið upp á í dag. Valið er alltaf á mánudögum og fimmtudögum og ég sem nemandi í Brekkubæjarskóla hef tekið eftir því að það eru oftast skemmtilegri valgreinar á mánudögum heldur en á fimmtudögum. Til að leysa þetta og auka við fjölbreytni er ég með frábæra hugmynd. Að krakkar úr báðum skólum fái að koma með tillögur að vali sem kennarar síðan velja úr. Þá á ég líka við að valið sé sameiginlegt fyrir báða skólana. Við höfum mjög flotta og hæfileikaríka kennara í báðum skólum. Þeir eru hjálpsamir, hlusta á okkur og taka mark á því sem við höfum fram að færa.

Þar næst langar mig aðeins að tala um staðsetningar gangbrauta hér á Akranesi. Mér finnst frábært að gangbrautum hefur fjölgað hér en það má alltaf gera betur, t.d. í kringum Brekkó vantar gangbraut til að geta nálgast skólann af öryggi. Dæmi um það er t.d. á gatnamótum Háholts og Vesturgötu en þar er engin gangbraut. Það eru framkvæmdir í gangi þar og það þarf að hafa sérstaka aðgát.

Þar sem verið er að laga hringtorgið við Olís langar mig að vita hvort það sé ekki örugglega gert ráð fyrir gangbraut? Því Esjubraut er mikil umferðagata, og við viljum að ferðafólk sem er á tjaldsvæðinu komi inn í þennan frábæra bæ okkar, en eins og staðan var á Esjubraut var engin örugg gönguleið inn í bæinn okkar sem hefur svo mikið upp á að bjóða.

Við Skagamenn eigum marga fallega staði fyrir útisvist og afþeygingu. Til dæmis Skógræktin, Langisandur, Akraneshöllin, Vitinn og Kalmansvík. Þeir eru allir frábærir og alltaf virkilega gaman að leika á öllum þessum stöðum. En það verður líka að vera hægt að ganga þar, því eldra fólk fer oft upp í skógrækt að ganga, en svo þegar það kemur rigning þá er það ekki hægt útaf drullu og pollum. Mig langar til að vita hvort það standi til að laga veginn að Skógræktinni og göngustíginn inn í henni?

Næst langar mig að tala um atvinnumöguleika fyrir okkur sem er undir 16 ára og langar að geta unnið sér inn pening með skóla. Vinnuskólinn er nauðsynlegur, öllum er hollt að læra að slá, raka og setja gras í poka, en væri hægt að auka möguleika okkar á að komast í vinnu á þessum aldri? Því börn nú til dags vilja læra að vinna rétt og fjölbreyttari vinnu. Í vinnuskólanum er t.d. hægt að kenna krökkunum, um fjármál þannig að það sé tenging milli þess að eignast pening og eyða þeim. Það væri yndislegt ef bærinn gæti staðið fyrir vinnu fyrir unglinga á veturna, ég er t.d. með þá hugmynd að þessir frábæru unglingar sem við höfum geta heimsótt eldri borgara bæjarins, farið í búðir fyrir þá og sinnt fleirum málum sem bærinn þarf að huga að.

Mig langar að enda þetta á jákvæðu nótonum og segja hvað er vel gert í bænum okkar. Það er frábært hversu mikið úrval íþróttagreinum eru hér og flestir finna sér eitthvað við hæfi. Einnig er frábært hversu mikið líf er hér í bænum og allir hjálpast að með einum eða öðrum hætti.

Við unga fólknið höfum ekki bara framtíðina fyrir okkur heldur vitum við hvernig við viljum njóta framtíðarinnar.

Takk fyrir